

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 285/2014**

2015/EES/71/32

frá 12. desember 2014

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 869/2014 frá 11. ágúst 2014 um nýja þjónustu fyrir farþegaflutninga með járnbrautum ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 42a (tilskipun ráðsins 95/18/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„42aa. **32014 R 0869**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 869/2014 frá 11. ágúst 2014 um nýja þjónustu fyrir farþegaflutninga með járnbrautum (Stjtíð. ESB L 239, 12.8.2014, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 869/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB inn í EES-samninginn, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 239, 12.8.2014, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.